

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn P. M. Bjarnarson & Co. greiði hinum stefndu eigendum firmans Pétur Jónsson og sonur málskostnað fyrir yfirdómi, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 28/1909:

Emil Strand
 gegn
 Oddi Gíslasyni
 fyrir hönd H. Chr. Gregersen.

D ó m u r:

Hinn stefndi, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, verzlunarerindreka Emil Strand í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér fyrir hönd H. Chr. Gregersen verksmiðjueiganda í Kristjáníu 248 kr. 04 a. fyrir sápu, er áfrýjandi E. Strand hafði selt fyrir nefndan Gregersen; undir rekstri málsins kannaðist stefnandi við að hafa fengið greitt 31 kr. 70 a., og færði þá kröfu sína niður í 216 kr. 34 a., og var málið dæmt í nefndum rétti 24. desember f. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu skuld 216 kr. 34 a. með 5 % vöxtum af henni

frá stefnudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Ennfremur var áfrýjandi dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í landsjóð fyrir að mæta ekki á sáttafundi.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins, svo og fjárnámsgjörð, framkvæmdri 26. janúar þ. á. til fullnægingar téðum dómi, með stefnu dags. 29. maí þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda fyrir undirrétti, og að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi feld að nokkru eða öllu leyti; svo krefst hann og málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum réttum. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn ásamt fjárnámsgjörðinni verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann skuldi stefnda ekkert, og færir hann til þær ástæður, að vantað hafi 1 kassa af 5, er sápan var send í og hafi verðið á sápunni í þeim kassa numið 138 kr. 25 a., að stefndi hafi vanreiknað próvision, er áfrýjanda bar, um 35 kr. 45 a., að áfrýjandi hafi greitt fyrir stefnda farmgjald af sápunni og flutningsgjald frá skipi, 14 kr. 45 a., og þvott á sápunni 10 kr., og að stefndi hafi sett verð á sápunni hærra en lofað var um 28 kr. 25 a. Verður þetta samtals 226 kr. 40 a., og eftir því ætti stefndi að vera í skuld við áfrýjanda um rúmar 10 kr.

Stefndi hefir mótmælt öllum þessum aðfinslum áfrýjanda sem ósönnum og heimildarlausum.

Umrædda sápu afgreiddi Gregersen verksmiðjueigandi til áfrýjanda frá Kristjaníu með skipi Wathnes erfingja, er fór til Seyðisfjarðar í ágústmánuði 1907 og var sápan í 5 kössum. Á Seyðisfirði tók Thyra, skip hins samein-

aða gufuskipafélags, við sendingunni og flutti hana til Reykjavíkur til áfrýjanda. Það er sannað með viðurkenningu hlutaðeigandi skipsafgreiðanda, að við nefndum 5 kössum var tekið í skipið í Kristjáníu, en í Reykjavík kannast áfrýjandi ekki við að hafa meðtekið nema 4 kassana, og hann hefir lagt fram vottorð frá afgreiðslu sameinaða gufuskipafélagsins um, að hann hafi kvartað yfir þessu, og segir afgreiðslumaður í vottorðinu það óupplýst, hvort hinum vantandi kassa hafi verið veitt viðtaka í Thyru á Seyðisfirði. Áfrýjandi hefir ómótmælt skýrt frá því, að hann hafi þegar í stað tjáð Gregersen vöntun kassans, og hvers hann saknaði af sápu þeirri, er honum var færð til reiknings, og gaf hann þannig Gregersen tækifæri til að leita réttar síns í tæka tíð gagnvart skipum þeim, er tekist höfðu flutninginn á hendur. Áfrýjandi átti að hafa sápu á umboðssölu fyrir Gregersen, en með því að það er ekki sannað gegn neitun hans, að hann hafi nokkurn tíma fengið fyrtéðan sápukasse, og það heldur ekki verður kent vanrækslu hans að kassinn týndist, eða að ekki var gengið eftir honum í tæka tíð, verður hann eigi skyldaður til að greiða stefnda andvirði þeirrar sápu, er í kassanum telst hafa verið, en áfrýjandi hefir gjört rækilega grein fyrir, að vantað hafi í sendinguna sápu fyrir 138 kr. 25 a., og verður sú upphæð að dragast frá kröfu stefnda.

Mótmælum stefnda gegn provision, farmgjaldi, flutningskaupi og borgun fyrir þvott á sápunni hefir áfrýjandi eigi reynt að hnekkja, eða sýna fram á, að hann eigi þessar kröfur á hendur stefnda. Til sönnunar því, að verðið á sápunni sé ofhátt sett, hefir áfrýjandi vitnað í verðskrá stefnda, er lögð hefir verið fram í málinu. Í

Þessari skrá er verðið á sápunni að visu nokkru lægra en í reikningnum, sem áfrýjandi meðtók frá stefnda með vörusendingunni, en það sést ekki hve verðskrá þessi er gömul, né að áfrýjandi hafi meðtekið hana frá stefnda, og getur hún því ekki komið til álita til að hnekkja reikningi stefnda, enda hefir áfrýjandi ekki látið þess getið, að hann hafi hreyft neinum aðfinslum við stefnda út af sápuverðinu í reikningnum.

Sápan var, svo sem fyr er getið, send áfrýjanda í umboðssölu, en hann hefir eigi haldið því fram, að neitt sé enn óselt af henni eða endursent stefnda, og hefir hann að öðru leyti ekki vefengt, að honum beri að gjöra stefnda grein fyrir sápuverðinu.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi fengið 31 kr. hjá kaupmanni einum hér í bænum, er fengið hafi af sápunni hjá áfrýjanda, eða að minsta kosti gefið kvittun fyrir nefndri upphæð, en gegn mótmælum stefnda hefir áfrýjandi ekki sannað, að stefndi hafi veitt móttöku meira en þeim 31 kr. 70 a., er hann hefir kannast við og dregið frá kröfu sinni fyrir undirrétti.

Samkvæmt framanrituðu ber að breyta hinum áfrýjanda dómi svo, að frá hinni dæmdu skuldarupphæð séu dregnar 138 kr. 25 a. og áfrýjandi að eins dæmdur til að greiða stefnda 78 kr. 07 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Um málskostnað fyrir bæjarþinginu og sekt fyrir að mæta eigi á sáttafundi á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirrétti virðist eftir þessum úrslitum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Emil Strand greiði stefnda Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd H. Chr. Gregersen 78 kr. 07 a. með 5 % vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. september.

Nr. 36/1909:

Réttvísín

gegn

Einari Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurborgar, uppkveðnum 26. júní þ. á., var hinn ákærði, trésmiður Einar Jónsson, dæmdur fyrir stórþjófnað samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 231. gr., 4. lið, til að sæta 1 árs betrunarhússvinnu; svo var hann og dæmdur til að greiða trésmiðaverksmiðjunni Völundi skaðbætur 521 kr. 20 a. með 5 % ársvöxtum frá 16. maí 1909 til borgunardags og loks var honum gjört að greiða allan sakar-